

Borgarstjórn

***Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi.***

Á fundi forsætisnefndar 30. október 2020 var samþykkt að vísa tillögu að samþykkt borgarstjórnar á tímabundnum frávikum frá skilyrðum ákvæða 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga með vísan til auglýsingar um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 varðandi notkun fjarfundabúnaðar á fundum ráða og nefnda Reykjavíkurborgar.

Athygli borgarstjórnar er vakin á því að í tillögunni eins og hún liggur fyrir við boðun borgarstjórnarfundar er gert ráð fyrir því að heimildin verði í gildi til 1. febrúar 2021. **Við boðun fundarins eru ekki í gildi heimildir í sveitarstjórnarlögum nema til áramóta** (Þó er bent á að ákvarðanir sem teknar eru fyrir 31. desember 2020 skulu halda gildi sínu í allt að fjóra mánuði.). Ekki liggur fyrir ákvörðun ráðherra um framlengingu. Eftir samráð við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið er aftur á móti gert ráð fyrir því að slíkar heimildir verði komnar í gildi og birtar á fundardegi borgarstjórnar þannig að unnt verði að samþykkja tillöguna á fundinum.

Tillagan er því á dagskrá með þeim fyrirvara að ný ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvörðunartöku við stjórn sveitarfélaga hafi birst í Stjórnartíðindum í stað ákvörðunar 780/2020, fyrir fund borgarstjórnar 3. nóvember nk.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

***BORGARSTJÓRN 3. nóvember 2020: Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi - R18060129***

Lagt er til að borgarstjórn samþykki tímabundin frávik frá skilyrðum ákvæða 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga með vísan til auglýsingar um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Til og með 1. febrúar 2021 verður heimilt að nota fjarfundabúnað á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða samkvæmt B-lið 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og annarra nefnda samkvæmt B-lið 64. gr. samþykktarinnar, eftir því sem við á. Notkun fjarfundabúnaðar skal að jafnaði vera í samræmi við ákvæði í leiðbeiningum um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013 og verklagsreglum Reykjavíkurborgar um fjarfundi, þó þannig að meirihluti fundarmanna þarf ekki að vera á boðuðum fundarstað sbr. ákvæði 5. gr. leiðbeininganna. Fundargerð borgarstjórnar verður áfram staðfest og yfirfarin af forseta borgarstjórnar og skrifurum, sbr. ákvæði 8. gr. leiðbeininganna. Gert verður ráð fyrir að fundir ráða og nefnda verði að meginstefnu haldnir í fjarfundi á meðan fjöldatakmörkanir, grímuskylda og 2 metra nálægðarmörk eru í gildi.

**Greinargerð:**

Alþingi hefur samþykkt breytingar á sveitastjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar. Breytingarnar kveða á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna COVID-19 kórónuveirufaraldursins. Samkvæmt ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra er sveitastjórnnum heimilt að taka ákvarðanir til að bregðast við ástandinu. Í tillögunni sem nú er lögð fyrir borgarstjórn er gert ráð fyrir að fjarfundabúnaður verði áfram heimilaður á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða og annarra nefnda Reykjavíkurborgar til fundar borgarstjórnar sem haldinn verður 1. febrúar 2021 nk.